

Nd.

52. Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra varðandi sölu íslenzkrar ullar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær verða seldar þær miklu ullarbirgðir, sem eru í landinu?

Greinargerð.

Það er kunnugt, að nú liggur óseld í landinu ullarframleiðsla þriggja ára. Er augljóst, að af því leiðir mikil óþægindi fyrir framleiðendur. Bændur bíða eftir því að fá réttmætt verð fyrir vöruna, verð, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á.

Það má fullyrða, að gjaldþol margra bænda leyfir ekki þann mikla drátt, sem orðinn er á sölu ullarinnar. Verkamenn og aðrir launþegar mundu ekki una því að bíða í eitt til þrjú ár eftir miklum hluta launa sinna. Þar sem ríkissjóður hefur tekið á sig skuldbindingu um að tryggja bændum sexmannanefndarverð fyrir ullina, er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi ákvörðunarrétt um, hvenær og á hvaða verði ullin er seld. Það er kunnugt, að landbúnaðarráðherra hefur látið gera ítrekaðar tilraunir til að selja ullina á góðu verði. Þær tilraunir virðast ekki hafa borið þann árangur, sem æskilegt er. Ýmsir gerðu sér vonir um góða sölumöguleika, þegar Norðurlöndin opnuðust í styrjaldarlokin. Þær vonir voru eðlilegar, þar sem kunnugt er, að þau lönd hafa mjög lítið af ull.

Væntanlega gefur ráðherrann upplýsingar um gang þessa máls, svo að framleiðendum verði ljóst, hvenær þeir geta húizt við þeim gjaldeyri, sem fyrir ullina kemur.